



Afgangur af viðskiptum við útlönd dregst saman milli ára

Viðskiptajöfnuður við útlönd var jákvæður um 1,6 ma.kr. á 2. ársfjórðungi. Afgangurinn dróst nokkuð saman milli ára, en á sama tíma í fyrra mældist 11,9 ma.kr. afgangur. Alls minkaði afgangurinn því um 10,3 ma.kr. milli ára.

2. ársfjórðungur er sjötti fjórðungurinn í röð sem afgangur af viðskiptum við útlönd dregst saman milli ára. Hann jókst síðast milli ára á 4. ársfjórðungi 2016.

Þessi þróun endurspeglar styrkingu krónunnar á tímabilinu sem jafnan veikir samkeppnisstöðu útflutningsgreina. Á sama tíma verður innflutningur ódýrari, auk þess sem uppgangur í hagkerfinu kallar á meiri innflutning. Þess ber jafnframt að geta að þessi þróun kemur ekki á óvart, en opinberar þjóðhagsspár hafa verið nokkuð samhljóma í nokkurn tíma um að afgangurinn ætti eftir að dragast saman. Metafgangurinn árið 2016 verður því líklega ekki toppaður á næstunni, en það ár var 187,9 ma.kr. afgangur (7,7% af VLF).

Bæði meiri útflutningur og innflutningur


Alls jókst vöruútflutningur milli ára um 14,3 ma.kr., en vöruinnflutningur jókst aðeins meira eða um 17,4 ma.kr. Svipaða sögu er að segja um þjónustujöfnuð, en útflutningur þjónustu jókst um 11,8 ma.kr. meðan innflutningur jókst um 18 ma.kr.

Uppsafnaður afgangur um 480 ma.kr. frá árinu 2014

Þetta er 17. ársfjórðungurinn í röð sem afgangur mælist af viðskiptum við útlönd, en seinast mældist halli á viðskiptajöfnuði á fyrsta ársfjórðungi 2014. Uppsafnaður afgangur á þessu tímabili er um 480 ma.kr. mælt á verðlagi hvers árs. Þetta hefur m.a. gert Seðlabanka Íslands kleyft að byggja upp vænan gjaldeyrisforða en bankinn hefur keypt erlendan gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði að verðmæti um 840 ma.kr. frá ársbyrjun 2014.


Yfirleitt er langmestur afgangur á 3. ársfjórðungi, enda koma flestir ferðamenn til landsins þá. Það er því nokkuð öruggt að það verði afgangur þá

Viðskiptajöfnuður - breyting milli ára



Rekstrarframlög talin með þáttatekjum
Heimild: Seðlabanki Íslands

Breyting milli 2. ársfj. 2017 og 2018



Heimild: Seðlabanki Íslands




Hreinar erlendar eignir þjóðarbúsins hafa aldrei verið meiri

Í lok fyrsta ársfjórðungs námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.250 mö.kr. og erlendar skuldir 2.989 mö.kr. og var hrein staða því jákvæð um sem nemur 261 mö.kr., eða 9% af VLF.

Hrein erlend staða þjóðarbúsins hækkaði um 69 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar eignir jukust um 15 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Einnig hækkuðu erlendar eignir þjóðarbúsins í krónum talið vegna lækkunar á gengi krónunnar milli fjórðunga auk verðhækkana á erlendum verðbréfamörkuðum á fjórðungnum.

Erlend staða þjóðarbúsins



2009 F1 til 2015 F3 án ILST í slitameðferð
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.